

Heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar

# Ársskýrsla 2017

# Heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar

Ársskýrsla 2017

**Heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar**

Ársskýrsla 2017

**ANP 2018:803**

ISBN 978-92-893-5757-9 (PRINT)

ISBN 978-92-893-5758-6 (PDF)

ISBN 978-92-893-5759-3 (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2018-803>

© Norræna ráðherranefndin 2018

Umbrot: Hanne Lebech

**Norrænt samstarf**

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameigin-legri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Áland-seyja, Færeyja og Grænlands

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

**Norræna ráðherranefndin**

**Nordens Hus**

**Ved Stranden 18**

**1061 København K**

**[www.norden.org](http://www.norden.org)**

Sækja útgefið efni: **[www.norden.org/nordpub](http://www.norden.org/nordpub)**

# Efnisyfirlit

Ársskýrsla yfirstjórnar .....	5
Fjármál .....	6
1. Eftirfylgni við samkomulag við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun 2017 .....	7
2. Helstu lykiltölur .....	11
3. Reikningsskilareglur .....	13
3.1 Almenn .....	13
3.2 Framsetning ársreiknings .....	13
3.3 Rekstrarreikningur .....	13
3.4 Efnahagsreikningurinn .....	14
4. Rekstrarreikningur .....	17
5. Efnahagsreikningur þann 31. desember .....	19



# Ársskýrsla yfirstjórnar

Árið 2017 reyndist gott ár í norrænu samstarfi og við hjá Norrænu ráðherranefndinni erum harla ánægð með árangurinn. Eftir margra ára starf að nútímavæðingu samstarfsins er árangur umbótanna orðinn greinilegur á mikilvægum samstarfssviðum auk þess sem við látum meira að okkur kveða innan Norðurlanda og alþjóðlega.

Forsætisráðherrar landanna voru viðstaddir þegar verkefni þeirra, *Nordic Solutions to Global Challenges*, var hleypt af stokkunum í Björgvin í Noregi í maí. Góður skriður komst á öll flaggskip verkefnisins og er afrakstur þeirra að koma í ljós. Þar má nefna að norrænt jafnréttisstarf vakti mikla alþjóðlega athygli á árinu, t.a.m. á leiðtogaviku Sameinuðu þjóðanna í september.

Á 23. loftslagsráðstefnu SP í Bonn í nóvember fór fram kynning í skála Norðurlanda á flaggskipsverkefnum um sjálfbærar byggingar, nýja norræna matargerð, loftslagslausnir og orkulausnir. Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar til eflingar hnattrænu sjálfbærnimarkmiðunum, *2030 kynslóðin*, var einnig kynnt á loftslagsráðstefnunni. Norrænu verkefnið vöktu mikla athygli og var skálinn vel sóttur.

Stefnumótandi úttektir hafa reynst vel í þeim tilgangi að virkja pólitískt samstarf ráðherranefndarinnar á mikilvægum samfélagssviðum. Á árinu 2017 birti Jorma Ollila skýrslu sína um norrænt orkumálasamstarf, *Öflugt í dag – enn öflugra á morgun*. Orkumálaráðherrar landanna ákváðu á fundi sínum í lok árs að fylgja tillögu skýrslunnar um að beita sér fyrir samstöðu Norðurlanda á vettvangi ESB. Þá tóku þeir ákvörðun um að efla samstarf um orkurannsóknir.

Á árinu 2017 var einnig ráðist í úttektir á samstarfi á sviðum umhverfismála, félagsmála og löggjafarstarfs. Þær verða tilbúnar árið 2018 og verða þá birtar. Við má búast að þær muni einnig leiða til endurnýjunar og dýpkunar á norrænu samstarfi.

Í fyrsta sinn í tíu ár var ný ráðherranefnd stofnuð á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar en það er *ráðherranefnd um stafræna væðingu*. Er hún dæmi um hvernig samstarfið beinir kastljósinu að samfélagsmálum þar sem Norðurlönd eru framarlega í flokki og hafa metnað um að halda forystunni. Norrænt samstarf á t.a.m. að gera norrænum fyrirtækjum og almenningi kleift að nota einstök og örugg rafræn auðkenni, rafræn skilríki sem gilda alls staðar á Norðurlöndum. Við viljum einnig að Norðurlönd knýi fram innleiðingu 5G-farsímatækninnar með sameiginlegum stöðlum og hagstæðum rammaskilyrðum.

*Greiningarsvið* Norrænu ráðherranefndarinnar hóf störf í byrjun árs 2017 og hefur sent frá sér ýmsar athyglisverðar skýrslur. Þar má nefna ritið *Dýrmætt samstarf* sem greiningarsviðið vann um viðhorfskönnun frá haustdögum 2017. Samkvæmt henni kváðust níu af hverjum tíu íbúum Norðurlanda vera ánægðir eða afar ánægðir með samstarfið. Sex af hverjum tíu vildu efla það enn frekar. Rúmlega 60% aðspurðra sögðu áhugann á norrænu samstarfi hafa aukist í beinu framhaldi af þróuninni í alþjóðamálum. Viðhorf sem hér koma í ljós hleypa nýjum þrótti í samstarfið en leggja okkur einnig

skyldur á herðar. Í samræmi við framtíðarsýn samstarfsráðherranna, „Saman erum við öflugri“, var unnið markvisst á árinu 2017 að því að auka norrænt notagildi til eflingar skapandi, sýnilegum og opnum Norðurlöndum án landamæra.

## Fjármál

Starf Norrænu ráðherranefndarinnar fer fram í ellefu fagráðherranefndum. Ráðherranefndirnar fylgja eigin stefnu og áætlunum en starf þeirra er fjármagnað af fjárhagsáætluninni. Fjárveitingum er skipt niður á fagráðherranefndirnar og grein er gerð fyrir störfum þeirra í ársreikningi.

Hrein útgjöld Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2017 námu samtals 938,9 m. DKK en heildartekjur námu 945,5 m. DKK. Afkoma ársins nam því 10,4 m. DKK (2016 nam hún 10,2 m. DKK). Helmingur hagnaðarins er til kominn vegna þess að fjárveitingar til verkefna fyrrast ef þær eru ekki nýttar innan þeirra þriggja ára sem fjárhagsreglugerðin kveður á um en hinn helminginn má rekja til gengishagnaðar.

Handbært fé var á stundum af skornum skammti á árinu 2017. Skýringin er m.a. sú að verkefni hófust snemma árs í kjölfar þeirra breytinga sem voru gerðar á verkefnastarfseminni.

Ef ráðstöfunarfé í fjárhagsáætlun nýtist ekki á umræddu fjárhagsári telst það óráðstafað. Óráðstafað fé á árinu nam 12,3 m. DKK eða 1,3% af fjárhagsáætlun ársins (2016 nam óráðstafað fé 11,2 m. DKK).

Hér með afhendist ársskýrsla ársins 2017.

Kaupmannahöfn, 26. apríl 2018

---

Framkvæmdastjóri  
*Dagfinn Høybråten*

---

Deildarstjóri  
*Kari Metliaas*

# 1. Eftirfylgni við samkomulag við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun 2017

*Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir starfsárið 2017 – Viðræður og samkomulag við Norðurlandaráð.*

Á haustdögum 2016 hófust pólitískar viðræður Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlunartillögu ráðherranefndarinnar. Þeim lauk með eftirfarandi breytingum/nánari útfærslum á fjárhagsáætlun ársins 2017:

- Að veita 3,413 m. DKK til Nordjobb á árinu 2017.

Á árinu 2017 voru 3,413 m. DKK veittar til Nordjobb. Féð fór í að fjármagna kjarnaverkefni Nordjobb sem er að auka hreyfanleika ungmenna á Norðurlöndum á norrænum vinnumarkaði og bæta tungumálakunnáttu þeirra og þekkingu á norrænni menningu. Á árinu 2017 starfaði Nordjobb samkvæmt nýju erindisbréfi og fylgdi til-mælum úr matsskýrslu sem unnin var af ytri aðila á árinu 2016:

- Að halda áfram þeirri greiningu sem hafin er á samhæfingu og gagnkvæmri upplýsingagjöf um hvernig hægt er að meta öryggi í heilbrigðisþjónustu og veita allt að 0,3 m. DKK ef fyrirliggjandi fjárveiting nægir ekki.

Löndin fjármögnuðu með eigin fé endurskoðun á Samningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna (Arjeplog-samningnum) á árinu 2017 og því þurfti ekki að grípa til fjárveitingarinnar. Gert er ráð fyrir að löndin haldi áfram að fjármagna með eigin fé endurskoðun á samningnum á árinu 2018:

- Á árinu 2017 hyggst Norræna ráðherranefndin vinna greiningu og veita fé eftir þörfum til þess að kanna hvort landsbundin ákvæði, styrkjakerfi og gjöld á sviði úrgangsmála hvetji til eða hamli aukinni endurnýtingu úrgangs.

Veittar eru 500 þús. DKK til greiningar á því hvernig lagaleg og hagræn tæki ýmist treysta eða grafa undan úrgangsmetakerfinu í norrænu löndunum. Verkefnið verður boðið út í árslok 2017 eða ársbyrjun 2018 í umsjón úrgangshóps (NAG) umhverfismála-geirans. Verkefni samstarfshópsins um hagrænar aðgerðir í umhverfismálum (MEG)



með yfirskriftinni „Barriers for utilisation of biowaste“ er lokið og voru niðurstöðurnar birtar í skýrslunni „Barriers for utilisation of biowaste: Analysis of Institutional barriers for using Biowaste as a resource“. Í skýrslunni er fjallað um hvort löggjöf og aðrar formlegar stofnanir geti haft óviljandi afleiðingar á nýtingu lífoldsneytis sem auðlindar:

- Að veita 1 m. DKK til eflingar starfinu að samfélagsöryggi í Eystrasaltsríkjunum og á Eystrasaltssvæðinu.

Á árinu 2017 átti Norræna ráðherranefndin frumkvæði að umræddu verkefnissamstarfi til eflingar félagasamtökum í Eistlandi, Lettlandi og Litáen. Fólst það m.a. í:

- Stuðningi við og norrænni þátttöku í lýðræðishátíð (sambærilegri fundum fólksins, „Folkemødet“, „Almedalsveckan“ o.fl.) 200 þús. DKK.
- Að Norðurlönd og Eystrasaltsríkin báru saman reynslu sína af fjölmiðlun í almannajónustu 225 þús. DKK.
- Norrænu-baltnesku samstarfi um aðlögun flóttafólks 350 þús. DKK.
- Norrænni þátttöku og stuðningi við opna og óháða fjölmiðla á rússnesku 3,8 m. DKK.

Þá má nefna norrænt-rússneskt samstarfsverkefni (um 10 m. DKK) og annað verkefni sem spannar allt Eystrasaltssvæðið (um 6 m. DKK) en meginmarkmið þeirra var að efla félagasamtök. Taka ber fram að samkvæmt Helsingforssamningnum falla varnar- og utanríkismál ekki undir verkswið Norrænu ráðherranefndarinnar.

- Líforka, þar á meðal matarsóun, verður áfram mikilvægt viðfangsefni í norrænu samstarfi. Á árinu 2017 verður rannsakað hvernig þróa má norrænt samstarf um lífoldsneyti og samgöngur. Rannsóknin innihaldi sumar tillögur úttektarskýrslunnar um orkumálasamstarfið frá því í mars 2017.

Í fyrstu skýrsludrögum ráðgjafans er bent á tvær leiðir:

- Bættu flokkun heimilisúrgangs sem nú er brenndur sem blandaður úrgangur.
- Sóun í fiskveiðum, fiskeldi og kjötiðnaði.

Stýrihópurinn ráðgerir viðburð í ársbyrjun 2018 þar sem fjallað verður um lífoldsneyti úr mat og úrgangi í víðara samhengi: lífhagkerfi, stöðvun matarsóunar, þörf á líforku í stað jarðefnaeldsneytis, framleiðslu lífoldsneytis og áburðar, notkun matarúrgangs og mykju, hálms og annars lífræns afgang. Einnig verður rætt um hvernig hægt er að koma á dreifstýrðu mannvirkjakerfi á hinum tiltölulega dreifbýlu Norðurlöndum. Þátttakendur á viðburðinum verða fulltrúar úrgangsmála, stjórnmálafólk og félagasamtök:

- Að veita allt að 1 m. DKK í að kanna hvernig hægt er að greiða fyrir frjálsri för og sanngjarnri samkeppni á vinnumarkaði, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum.

Í framhaldi af tilmælum Norðurlandaráðs (3/2016: Hreyfanleiki og sanngjörn samkeppni) og samkomulagi í fjárhagsáætlun um að veita allt að 1 m. DKK í að kanna aðgerðir sem gætu greitt fyrir hreyfanleika og sanngjarnri samkeppni á vinnumarkaði, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum, ákvað embættismannanefndin um vinnumál (EK-A) að fela PRAXIS – Center for Analyse og Evaluering að vinna forkönnun á vordögum 2017.

Embættismannanefndin ræddi niðurstöðurnar á öðrum fundi sínum á árinu og ákvað þá að aðhafast ekki frekar í málinu. Nefndin mat það svo að ný upplýsingaverkefni ættu að byggja á og vísa til þeirra upplýsingaveita sem fyrir eru í löndunum. Ekki væri ástæða til að byggja nýja stóra þjónustu frá grunni. Áhersla var lögð á að vinnumálageirinn hefur ekki fjármagn til að stofna og reka þjónustu af þessu tagi. Embættismannanefndin mælti með því að landsbundnar upplýsingaveitur yrðu studdar og efldar frekar en að byggð yrði ný samnorræn þjónusta frá grunni.

Þá hefur Norðurlandaráð óskað eftir því að Norræna ráðherranefndin hætti að endurgreiða ónotað fé sem er afgangur í lok reikningsárs og að eftirfarandi setningu verði skeytt inn í fjárhagsreglugerðina:

Samkvæmt 20A. gr. fjárhagsreglugerðarinnar ber að greiða löndunum aftur fé sem er ekki hægt að yfirfæra milli ára (frá og með 2009). Þegar Norræna ráðherranefndin hefur endurgreitt 35 m. DKK verði óráðstafað fé lagt í ráðstöfunarsjóð samstarfsráðherranna fyrir næsta fjárhagsár.

Að reikningsárinu 2015 liðnu höfðu 30,2 m. DKK verið endurgreiddar. Gert er ráð fyrir að ónotuðu fé frá árinu 2016 verði varið í að endurgreiða eftirstöðvarnar og að fé verði lagt í ráðstöfunarsjóðinn frá og með árinu 2018.



## 2. Helstu lykiltölur

Útvaldar lykiltölur Norrænu ráðherranefndarinnar á undanföllum fjórum árum.

	2017	2016	2015	2014
<b>Útgjaldarammi</b>				
Fjárhagsáætlun ársins (þús. DKK)	935.091	927.546	931.782	955.215
<b>Tekjur: (þús. DKK)</b>				
– Danmörk	186.161	177.441	183.636	197.844
– Finnland	145.611	143.599	142.318	153.565
– Ísland	8.294	7.317	6.427	6.595
– Noregur	292.144	295.431	289.227	288.287
– Svíþjóð	289.380	290.857	296.573	295.824
– Gjöld af launum, vextir og aðrar tekjur	23.955	23.099	32.958	38.644
ALLS	945.545	937.744	951.139	980.759
<b>Afkoma ársins</b>				
Tekjur að frádregnum útgjaldaranna	10.454	10.199	19.357	25.544
<b>Framlög landanna – hlutdeild landanna</b>				
– Danmörk	20,2%	19,4%	20,0%	21,0%
– Finnland	15,8%	15,7%	15,5%	16,3%
– Ísland	0,9%	0,8%	0,7%	0,7%
– Noregur	31,7%	32,3%	31,5%	30,6%
– Svíþjóð	31,4%	31,8%	32,3%	31,4%
<b>Afgangur 31.12.</b>				
Óráðstafað fé	12.341	11.182	17.623	16.405
Handbært fé	203.753	186.871	182.655	124.971
Eigið fé	-109.546	-109.801	-100.643	-94.456
<b>Annað</b>				
Óráðstafað fé, % af fjárhagsáætlun ársins	1,3%	1,2%	1,9%	1,7%
Rekstur skrifstofu, % af fjárhagsáætlun ársins	9,0%	8,4%	8,3%	7,9%
Fjöldi stofnana	12	12	13	14
Fjöldi starfsfólks á norrænum kjörum	99	93	97	95
– þar af konur	60	56	57	60
– þar af karlar	39	37	40	35



## 3. Reikningsskilareglur

### 3.1 Almenn

Norræna ráðherranefndin byggir ársreikninginn á þeirri aðlöguðu reikningsskilaaðferð að öll útgjöld og tekjur eru færð á því fjárhagsári sem þau tilheyra. Er þetta óbreytt frá fyrri árum.

Ársreikningurinn er unninn í samræmi við ákvæði um reikningsskil í fjárhagsreglugerð Norrænu ráðherranefndarinnar. Reikningsskilaaðferðir, þar á meðal matsaðferðir, eru óbreyttar frá fyrri árum.

### 3.2 Framsetning ársreiknings

Framsetning ársreikningsins tekur mið af tilteknum starfssviðum og endurspeglar áherslur í fjárveitingum. Þyki ástæða til er greint nánar frá rekstri tiltekinna sviða í neðanmálgrein. Fjárlagaliðir skiptast í fjárveitingar til verkefna, áætlana, stofnana og félagasamtaka.

### 3.3 Rekstrarreikningur

#### 3.3.1 Afmörkun

Allar tekjur og gjöld á tilteknu tímabili eru tekin með í rekstrarreikningi án tillits til greiðsludagsetningar.

Millifærslur í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar í danskar krónur á gengi millifærsludagsins. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar í danskar krónur á gengi dagsetningar efnahagsreikningsins. Gengissveiflur frá millifærsludegi til dagsetningar efnahagsreiknings eru teknar með í rekstrarreikningi.

#### 3.3.2 Greiðslur frá norrænu löndunum

Framlög landanna til heildarfjárhagsáætlunarinnar eru ákveðin út frá hlutdeild þeirra í samanlögðum vergum þjóðartekjum landanna. Framlög landanna samsvara heildarfjárhagsrammanum að frádregnum gjöldum af launum, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum.

### **3.3.3 Endurgreitt fé (úrelt)**

Fé sem hefur ekki verið notað að þremur árum liðnum frá fjárveitingu (úrelt fé) er endurgreitt löndunum í samræmi við fjárhagsreglugerð Norrænu ráðherranefndarinnar. Greiðslan er innt af hendi um leið og endurgreiðsla á afkomu ársins ef samstarfsráðherrarnir taka ákvörðun þar að lútandi um leið og þeir samþykkja ársskýrsluna.

### **3.3.4 Afgangsfé**

Afgangsfé er það sem eftir er af fjárveitingu til tiltekinnar starfsemi ef kostnaður varð minni en gert var ráð fyrir eða að hún kom ekki til framkvæmdar. Allt afgangsfé sem er ekki úrelt samkvæmt þriggja ára reglunni er notað á starfsárinu.

### **3.3.5 Gjöld af launum**

Starfsfólk Norrænu ráðherranefndarinnar greiðir gjöld af launum sínum eftir innra gjaldakerfi. Gjöldin eru notuð til að fjármagna þann útgjaldaramma fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar sem hefur verið ákveðinn.

### **3.3.6 Aðrar tekjur**

Aðrar tekjur eru fjárlagaliðir sem varða meginstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar óbeint, t.a.m. gengisleiðréttingar.

### **3.3.7 Óráðstafað fé/yfirfært fé**

Ónotað fé í fjárhagsáætlun ársins (óráðstafað fé) er yfirfært til starfsemi næsta árs sem yfirfært fé. Samkvæmt fjárhagsreglugerðinni má ekki yfirfæra meira en 15% af fjárhagsáætlun ársins milli ára.

### **3.3.8 Afkoma ársins**

Afkoma ársins er upphæðar fjárveitingar að frádreginni raunverulegri upphæð fjárlagaliða sem eru gjöld af launum, vaxtatekjur, aðrar tekjur og úrelt fé.

## **3.4 Efnahagsreikningurinn**

### **3.4.1 Handbært fé**

Handbært fé er innistæðan í banka. Handbært fé í erlendum gjaldmiðli er umreiknað í danskar krónur á gengi dagsetningar efnahagsreikningsins.

### **3.4.2 Kröfur**

Viðskiptakröfur eru að öllu jöfnu færðar á nafnverði. Ef þörf krefur eru þær afskrifaðar þegar lagt hefur verið einstaklingsbundið mat á tapsáhættuna.

### **3.4.3 Viðskiptareikningar við ESB / verkefnaskuldir ytri ESB-verkefna**

Viðskiptareikningar við ESB varða gerða samninga um rekstur verkefnanna Civil Society Stability for Belarus (CSSB) og Open Europe Scholarship Scheme (OESS). Skuldbindingar og viðskiptakröfur vegna umræddra samninga eru teknar með í efnahagsreikninginn. Viðskiptakröfurnar eru afskrifaðar þegar Norrænu ráðherranefndinni berast greiðslur frá ESB en skuldbindingarnar eru afskrifaðar þegar fé hefur verið innt af hendi til verkefnanna.

### **3.4.4 Bráðabirgðaliðir**

Bráðabirgðaliðir undir tekjum eru greiddur kostnaður vegna næsta starfsárs. Iðulega er um að ræða fyrirframgreidda leigu, afnotagjöld og annað. Þarna er einnig að finna kröfur til landanna vegna tryggingarheimilda sem færðar eru sem skammtímaskuldir.

### **3.4.5 Birgjaskuldir og aðrar skuldir**

Skuldir til birgja eru færðar á nafnverði. Skuldir í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar á gengi dagsetningar efnahagsreikningsins.

### **3.4.6 Fé sem er lagt til hliðar**

Fé er lagt til hliðar þegar Norræna ráðherranefndin hefur tekið á sig skuldbindingu sem ætla má að krefjist fjármagns. Sú upphæð sem lögð er fyrir samsvarar þeirri upphæð sem gert er ráð fyrir að skuldbindingin krefjist.

### **3.4.7 Fjárfestingar**

Allar fjárfestingar í fastafjármunum eru gjaldfærðar að fullu á öflunarárinu.

### **3.4.8 Yfirfært fjármagn**

Þegar um er að ræða minni háttar upphæðir (óráðstafað fé) á fjárlagaliðum er hægt að yfirfæra upphæð sem er allt að 15% af fjárveitingu ársins til næsta fjárhagsárs. Ef umræddur fjárlagaliður er lægri en 1 m. DKK má yfirfæra allt að 150 þúsund DKK án þess að fjárveitingin skerðist. Þegar fjármagn á fjárlagaliðum er yfirfært milli fjárhagsára fylgir það grunnreglunni um að elsta féð er nýtt fyrst (FIFO=fyrst inn fyrst út).

Óráðstafað fé sem er ekki hægt að yfirfæra milli ára vegna fyrrnefnds ákvæðis er endurgreitt löndunum þar til Norræna ráðherranefndin hefur endurgreitt samtals 35 m. DKK. Gildandi skiptiregla gekk í gildi 2008.



### 3.4.9 Tryggingarheimild

Í undantekningartilvikum er hægt að veita norrænum stofnunum heimild til að binda fé í fjárhagsáætlun komandi árs og tryggir ráðherranefndin þá fjármagn upp að ákveðnu marki. Sá hluti tryggingarheimildarinnar sem stofnunin skuldbindur sig til er færð sem skuld í efnahagsreikningi ráðherranefndarinnar en jafnhá upphæð er færð sem viðskiptakrafa til landanna sem bráðabirgðaliður. Við óbreyttan rekstur mun hvorki reyna á tryggingarheimild né viðskiptakröfu til landanna.

## 4. Rekstrarreikningur

(þús. DKK)	Athuga- semd	2017	Fjárhagsá- ætlun 2017	2016
<b>TEKJUR</b>				
<b>Löndin</b>				
Framlög norrænu landanna	1	921.591	921.591	914.646
Aðrar tekjur				
Afgangsfé (úrelt)	2	5.536	0	6.165
Gjöld af launum		13.455	13.500	12.902
Vaxtatekjur	3	0	0	246
Aðrar tekjur	3	4.923	0	1.917
Skerðing samkvæmt 15%-reglunni	4, 22	422	0	2.239
<b>ALLS TEKJUR</b>		<b>945.927</b>	<b>935.091</b>	<b>938.115</b>
Gengistap, vaxtagjöld og annar kostnaður		-382	0	-370
<b>NETTÓFJÁRMÖGNUN Á STARFSEMI ÁRSINS</b>		<b>945.545</b>	<b>935.091</b>	<b>937.745</b>
<b>ÚTGJÖLD</b>				
Verkefni	5	160.412	141.376	139.176
Áætlanir	6	406.667	399.574	427.234
Stofnanir	7	273.835	273.835	278.924
Félagasamtök	8	24.979	25.284	24.595
Afgangsfé (ekki úrelt)	9	-27.018	0	-30.018
Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum	10	15.814	15.778	15.926
Skrifstofa ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn	11, 12	84.367	79.244	77.827
Útgáfusvið ráðherranefndarinnar	13	-76	232	142
<b>ALLS ÚTGJÖLD</b>		<b>938.979</b>	<b>935.323</b>	<b>933.806</b>
<b>BREYTING YFIRFÆRT FJÁRMAGN</b>				
Skrifstofa, útgáfa, samskiptasvið	14	-5.047	0	181
Óráðstafað fé	15	1.159	0	-6.441
<b>ALLS BREYTING YFIRFÆRT FJÁRMAGN</b>		<b>-3.888</b>	<b>0</b>	<b>-6.260</b>
<b>AFKOMA ÁRSINS</b>	16	<b>10.454</b>	<b>0</b>	<b>10.199</b>

Hrein útgjöld (að frátöldum vöxtum) á árinu 2017 námu samtals 939 m. DKK (2016: 934 m. DKK).



## 5. Efnahagsreikningur þann 31. desember

(þús. DKK)	2017	2016
<b>EIGNIR</b>		
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>		
<b>Handbært fé</b>		
Innistæða í banka	203.753	186.871
	203.753	186.871
<b>Kröfur</b>		
Kröfur starfsfólks	203	149
Fyrirframgreidd laun	3.615	3.431
Aðrar kröfur	5.820	10.028
Viðskiptareikningur við EHU Trust Fund	0	625
Viðskiptareikningur við ESB	0	774
Bráðabirgðaliðir	10.019	73.561
	19.657	88.568
ALLS VELTUFJÁRMUNIR	223.409	275.439
ALLS EIGNIR	223.409	275.439

Þann 31.12.2107 nam handbært fé samtals 204 m. DKK (2016: 187 m. DKK). Samstarfsráðherrarnir ákváðu árið 2007 að minnka handbært fé um 70 m. DKK með því að lækka framlög landanna á árinu 2008. Samstarfsráðherrarnir ákváðu að halda handbæru fjármagni í lágmarki með því að löndin inntu greiðslur af hendi átta sinnum á ári, það er í byrjun og lok hvers ársfjórðungs.

(þús. DKK)	Athugasemd	2017	2016	
<b>SKULDIR</b>				
<b>EIGIÐ FÉ</b>				
Afkoma ársins		10.032	7.960	
Endurgreiðsla á auknum ramma		422	2.239	
Lækkuð framlög		-70.000	-70.000	
Áður afskrifaðar kröfur til landanna		-50.000	-50.000	
ALLS EIGIÐ FÉ		-109.546	-109.801	
<b>YFIRFÆRT FJÁRMAGN</b>				
Óráðstafað fé		12.341	11.182	
Ónotað fé (skrifstofa og útgáfa)		20.596	25.643	
ALLS YFIRFÆRT FJÁRMAGN		32.937	36.595	
<b>SKAMMTÍMASKULD</b>				
Birgjaskuldir		20.150	21.906	21.906
Aðrar skammtímaskuldir		9.678	792	792
Tryggingarheimild		5.523	41.187	41.187
Skuldbindingar vegna starfsfólks		5.021	3.690	3.690
Fé sem er lagt til hliðar		2.550	2.200	2.200
Skuld verkefna – ESB-verkefni		2.373	289	289
Skuld verkefna – verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar		254.724	278.350	278.350
ALLS SKAMMTÍMASKULDIR		300.018	348.415	348.415
ALLS SKULDIR		223.409	275.439	
Nánari upplýsingar				

Handbært fé Norrænu ráðherranefndarinnar þann 31.12.2017 nam alls -110 m. DKK. Neikvæð eiginfjárstaða er til komin vegna fyrrnefndra skerðinga á framlögum og fyrri afskrifta á kröfum til landanna. Við það bætist afkoma ársins. Fjárhagsreglugerðin kveður á um að neikvæð eiginfjárstaða eigi að jafnast út með greiðslum frá löndunum þegar lausafjárstaðan krefst þess.

Óráðstafað fé nam alls 12,3 m. DKK við árslok 2017 og er það sambærilegt við fyrra ár (2016: 11,1 m. DKK).



Norræna ráðherranefndin  
Nordens Hus  
Ved Stranden 18  
DK-1061 København K  
[www.norden.org](http://www.norden.org)

ANP 2018:803  
ISBN 978-92-893-5757-9 (PRINT)  
ISBN 978-92-893-5758-6 (PDF)  
ISBN 978-92-893-5759-3 (EPUB)